

Starfsábyrgðartrygging leigumiðlara er lögboðin váttrygging sem byggir á húsaleigulögum nr. 36/1994 og reglugerð nr. 675/1994 um leigumiðlara. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála nr. 001.

Váttryggður er sá leigumiðlari sem tilgreindur er á váttryggingaskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan leigumiðlara, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til hans sjálfs eða starfsmanns hans.

3. gr. Undanskildar áhættur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Þess að váttryggður tekur á sig ábyrgð sem er víðtækari en lögboðin ábyrgð leigumiðlara.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Starfa váttryggðs utan Íslands eða ábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum rétti.
- Tjóns sem hlýst af bótaskyldri háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakörk

Váttryggingin tekur til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atvika sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á váttryggingartímanum ekki í ljós fyrir en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur, þó með þeim takmörkunum sem leiða af öðrum reglum váttryggingaskilmála um tímafresti og fyrningu. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atvika sem verða áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á váttryggingartímanum.

5. gr. Sérregla um uppsögn

Váttryggingunni lýkur ef váttryggður fullnægir ekki lengur lögmætum skilyrðum um leyfi til leigumiðlunar. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til fjórir dagar eru liðnir frá því að félagið tilkynnti Félagsmálaráðuneytinu að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.